

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri



Dags eftirlits	6.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Vigfússon	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti en ein ábending var sett fram er varðar sýnatökur frárennslis.

UMFANG EFTIRLITS

Um litla landeðisstöð er að ræða með ker bæði innan og utandyra. Stöðin stendur í landi Laxamýri við bakka Laxár í Aðaldal. Frárennslíð liggur yfir í settjörn og þaðan í læk sem rennur um 1,7 km niður í Laxá. Allt innrennslí í stöðina er sjálfrennandi.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávíka
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeðisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Rekstraraðili hefur sent inn gilda umsókn fyrir nýju starfsleyfi. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag

Árið 2020 voru alin í stöðinni rúm 14,2 tonn af regnbogasilung og 5,6 tonn af villtum seiðum en leyfi er fyrir framleiðslu á 20t af fisk í stöðinni. Allri bleikju hefur verið slátrað úr stöðunni og er nú einungis regnbogi og villt laxa seiði til staðar. Starfseminni hefur verið hagrætt á milli stöðvanna m.t.t. hámarks framleiðsluleyfis í Laxamýri og stærri fiskurinn færður yfir í stöðina í Auðbrekku. Starfsleyfið gildir til mars 2023 og hefur rekstraraðili sótt um nýtt starfsleyfi til eftirlitsaðila. Sú umsókn er í vinnslu.

Skv. starfsleyfisskilyrðum skulu skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar við eftirlit og var farið yfir rekstrarhandbók í eftirlitinu. Minnt var á í síðasta eftirliti að halda ber gögnum stöðvanna aðskildum þó svo að heimilt sé að hafa þau í sömu möppu og færa hana á milli stöðva eftir því sem þurfa þykir, því hefur verið fylgt.

Síðustu mælingar í frárennslí voru gerðar árið 2020, rekstraraðili sá um sýnatöku en sýnin voru greind hjá Sýni ehf. Rekstraraðili tekur sýni fyrir mælingar á COD og svifögnum 3ja hvert ár og N og P árlega. Gerðar eru mælingar skv. vöktunaráætlun en staðsetning sýnatökupunkta kemur þar fram. Minnt er á sýnatökur næst árið 2023. Tekin voru sýni í punktum nr. 1, 2 og 3 skv. áætluninni. Eftirlitsaðili sendi til rekstraraðila leiðbeiningaskjal um útreikninga á losun N og P úr frá fódri að loknu eftirliti. Unnið er að uppfærslu á vöktunaráætlun í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kerjum í stöðinni né fódrun fiskanna frá síðasta eftirliti en handfóðrað er í stöðinni fyrir stærri fiskinn en klukkufóðrun notuð fyrir þann minni.

Dauðfisk er safnað saman og farið með á móttökustöð úrgangs á vegum Íslenska gámafélagsins, Víðimóum en magnið er óverulegt. Fer lífrænn úrgangur svo þaðan til jarðgerðar í Moltu ehf. Engin spilliefni eru í stöðinni annað en óverulegt magn af sápu og formalíni. Nær enginn almennur úrgangur fellur til nema lítið magn frá starfsmannaaðstöðu sem safnað er af sveitarfélaginu.

Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en ekki er krafa um það í gildandi starfsleyfi. Hins vegar var minnt á það að vel upp sett og virk umhverfismarkmið eru hluti af áhættumati eftirlitsaðila og geta haft áhrif á tíðni eftirlits, sem og komið rekstraraðila að góðu gagni. Var bæklingur þess efnis afhentur í eftirlitinu.

Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni almennt góð á lóðinni. Gengið var niður að settjörnninni og frárennslið út í læk skoðað. Ekki var um neina óeðlilega uppsöfnun að ræða við útrásina, engar fóðurleifar að sjá né litur eða slý.

ÁBENDINGAR

Ein ábending er sett fram í eftirlitinu er varðar að taka þarf viðmiðunarsýni fyrir núllpunkt við sýnatökur þar sem gildin miðast við aukningu á eignum við útrás. Einnig skal reikna magn losunarefna í kg/tonn af framleiddum fiski.

ANNAÐ


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.06.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir